



*Félag háskólakennara*

**6. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn sunnudaginn 8. nóvember kl. 2015 í Bændahöllinni, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Gréтарsson, Berglind Rós Magnúsdóttir og Michael Dal. Ármann Höskuldsson boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.**

Fyrir fundinn var engin formleg dagskrá.

#### **Kjarasamningsviðræður.**

Farið var yfir samningsdrög sem lögð voru fram á samningafundi með SNR 6. nóvember sl. ásamt drögum að stofnanasamningi við HÍ, með hugmyndum að vörpun í nýja akademíska launatöflu fyrir akademíska starfsmenn annars vegar og „gerðardóms launatöflu BHM“ fyrir starfsmenn stjórnarsýslu hins vegar.

Málið rætt og stjórnarmenn ræddu að halda opnum þeim möguleika að boða til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Næsti samningafundur er mánudaginn 9. nóvember nk. og þá gæti dregið til tíðinda og hugsanlega að bregðast þyrfti við með atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Að öðru leyti voru stjórnarmenn sammála um að halda viðræðunum áfram.

Fleira ekki gert.  
Fundi lauk 18:15

